

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

5. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn Mánudaginn 16. nóvember 2015

kl. 08:15 í fundarsal B.S. á slökkvistöðinni á Hringbraut 125, Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Tillaga að lausn vegna akstursgreiðslna.
 - Friðjón fer yfir að hann hafi hitt formann LSS og rætt akstursgreiðslu starfsmanna BS. Jón fer yfir forsögu málsins og óskar eftir því fá leyfi stjórnar til að ganga frá málinu. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að ganga frá málinu við LSS.
2. Kjaramál hlutastarfandi slökkviliðsmanna hjá B.S.
 - Jón segir frá fundi sem stjórnendur héldu með varaliði BS og að þar hafi verið rætt um að þeir myndu færast undir samning LSS um hlutastarfandi slökkviliðsmenn, þar sem eldri samningur er orðinn úreltur. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að ganga frá málinu.
3. Staða fjármála.
 - Jón fer yfir og skýrir stöðu fjármála, hækkun vegna endurmats starfsmats starfsmanna BS fyrir 2013 og 2014 er 16.273.054 kr. Slökkviliðsstjóra falið að senda eignaraðilum yfirlit yfir kostnað vegna starfsmats. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu frá eignaraðilum á árunum 2017 og 2018.
4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Jón gerir stjórn grein fyrir viðgerð á körfubíl sem lokið og var kostnaður lægri en gert var ráð fyrir.
 - Slökkviliðsstjóra falið að breyta starfsheiti Aðalvarðstjóra í Deildarstjóra og tekur það gildi um áramót.
 - Staða varðstjóra á A- vakt hefur verið auglýst innan slökkvistöðvar. Jón óskar eftir því að víkja sæti við ráðningu varðstjóra. Varaslökkviliðsstjóra falið að ganga frá ráðningu í samráði við stjórnarformann.
5. Húsnæðismál.
 - Samningur við Sandgerðisbæ samþykktur og undirritaður.
 - Jón óskar eftir leyfi stjórnar til að bæta við gámum til að bæta starfsmanna-aðstöðu Áætlaður kostnaður er um 4 milljónir. *Samþykkt.*
6. Ráðning endurskoðenda.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

-
- Lagður fram samningur við Deloitte ehf. um endurskoðun fyrir BS bs. Slökkviliðsstjóra og stjórnarformanni falið að undirrita samninginn. *Samþykkt.*

7. Önnur mál.

- Stjórnarformanni falið að ræða við slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra um ný starfskjör vegna breyttra starfshátta og vinnufyrirkomulags.

Fundi slitið kl. 09:45